

Nr. 18-163 S 109 Herdís SH 173**Vélarvana og dregin til hafnar**

Skipaskr.nr. 1771
Smíðaður: Akranes 1987, plast
Útgerð: Sigurður Kristján Garðarsson
Stærð: 9,62 brl. 9,61 bt.
Mesta lengd: 10,15 m *Skráð lengd:* 10 m
Breidd: 3,10 m *Dýpt:* 1,37 m
Vél: FORD 86 kW, 1989
Fjöldi skipverja: 1



Herdís©Arnbjörn Eiríksson

Gögn:
Gögn RNSA

Málið afgreitt á fundi 7. desember 2018 af Geirþrúði Alfreðsdóttur, Hilmari Snorrasyni, Pálma K. Jónssyni og Hirti Emilssyni

Tilgangur þessarar skýrslu er ekki að skipta sök eða ábyrgð og skal henni ekki beitt sem sönnunargagn í dómsmáli.

Atvikalýsing:

Þann 26. ágúst 2018 var Herdís SH 173 á handfæraveiðum á Vestfjarðamiðum. Veður: SA gola.

Á landleið varð báturinn vélarvana og óskað var eftir aðstoð. Særós RE 207 dró Herdís til hafnar á Suðureyri.

Við rannsókn kom fram:

- að bilun var í fæðiolíudælu fyrir vélina;
- að einstefnuloki í dælunni losnaði og vann ekki eins og hann átti að gera.

Nefndarálit:

Málið hefur verið skráð en gefur ekki tilefni til frekari rannsóknar.